

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð  
**Efni:** Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024  
**Dags:** 19. ágúst 2024  
**Málsnúmer:** 202303627/2.5  
**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2024. Heildaráhrif viðaukans á fjárhagsáætlun ársins eru þau að rekstrarniðurstaða verður óbreytt, fjárfestingar aukast um kr. 150.000.000, handbært fé lækkar um kr. 150.000.000, endurfjármögnun langtímalána kr. 141.000.000.

### Sundurliðun viðauka:

#### 1. Tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðra - 202211145

Lagt er til að áætlaðar tekjur af framlögum frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðra verði hækkaðar um 220 m.kr. Breytingin hækkar rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild		Fjárhæð	
00110	Framlög frá Jöfnunarsjóði - málefni fatlaðra	Hækkun tekna	220.000.000
	Hækkun á handbæru fé	Samtals	<b>220.000.000</b>

#### Greinargerð:

Í framhaldi af undirritun samkomulags milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hækkað áætlanir um framlög til Mosfellsbæjar á árinu 2024.

#### 2. Framlög til Strætó bs - 202408042

Lagt er til að framlög til Strætó bs. verði hækkuð um 10,4 m.kr. Breytingin lækkar rekstrarniðurstöðu og handbært fé.

Deild		Fjárhæð	
10710	Framlög til Strætó bs - aukaframlag	Hækkun rekstrarkostnaðar	-10.400.000
	Lækkun á handbæru fé	Samtals	<b>-10.400.000</b>

#### Greinargerð:

Á 1634. fundi bæjarráðs var samþykkt aukið rekstrarframlag til Strætó bs. vegna hækkunar á kostnaði við aðkeyptan akstur og sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun ársins.

### 3. Breytingar á fjárfestingaáætlun 2024

Lagt er til að breytingar verði gerðar á fjárfestingaáætlun þannig að nýjar fjárfestingar hækki um 234 m.kr. Fjárfestingaverkefni sem gert er ráð fyrir að frestist lækka um 538 m.kr. Áætlaðar gatnagerðartekjur lækki um 627 m.kr. Fjárfestingaverkefni veitna sem frestast 173 m.kr. Áhrifin eru þau að fjárfestingar nettó hækka um 150 m.kr. og lækkar handbært fé um sömu fjárhæð.

Deild		Fjárhæð
Varmárskóli - mál 202404244 - rakaviðgerðir	Hækkun fjárfestinga	53.000.000
Varmárskóli - mál 202308506 - aðkomubygging	Hækkun fjárfestinga	20.000.000
Varmárskóli - mál 202403354 - lausar kennslustofur	Hækkun fjárfestinga	19.000.000
Helgafellsskóli - mál 202201418 - íþróttahús	Hækkun fjárfestinga	66.000.000
Krikaskóli - endurgerð svala frestast	Lækkun fjárfestinga	-25.000.000
Krikaskóli - mál 202407036 - viðbætur á skólastofum	Hækkun fjárfestinga	5.000.000
Leikskólinn Hlíð - mál 202408102 - þak	Hækkun fjárfestinga	46.000.000
Leikskólinn Reykjakot - mál 202308506 - tengibyggning	Hækkun fjárfestinga	25.000.000
Íþr.m. Varmá - minni kostnaður vegna gólfs	Lækkun fjárfestinga	-5.000.000
Íþr.m. Varmá - mál 202209235 - endurgerð valla	Lækkun fjárfestinga	-300.000.000
Aðstaða skógræktar - verður ekki 2024	Lækkun fjárfestinga	-15.000.000
Hjúkrunarheimili - breytt fyrirkomulag fjármögnunar	Lækkun fjárfestinga	-60.000.000
Tekjur af gatnagerðargjöldum - lækkun áætl.	Lækkun tekna af g.g.gjöldum	627.000.000
Fjárfesting í gatnagerð - lækkun fjárfestinga	Lækkun fjárfestinga	-133.000.000
MosVeitur - Fráveita - fjárfestingar frestast	Lækkun fjárfestinga	-115.000.000
MosVeitur - Hitaveita - fjárfestingar frestast	Lækkun fjárfestinga	-39.000.000
MosVeitur - Vatnsveita - fjárfestingar frestast	Lækkun fjárfestinga	-19.000.000
Hækkun fjárfestinga og lækkun handbærs fjár	Samtals	<b>150.000.000</b>

#### Greinargerð:

Bæjarráð hefur samþykkt nokkrar breytingar á fjárfestingaáætlun ársins 2024 sem lagt er til að séu samþykktar sem viðauki við fjárhagsáætlun. Að auki er gert ráð fyrir að tiltekin fjárfestingaverkefni frestist. Tekjur af gatnagerðargjöldum verða lægri en áætlað þar sem álagning gatnagerðargjalda á íbúðarhúsnæði verður seinna en lagt var upp með í fjárhagsáætlun m.a. vegna breytinga á úthlutunarskilmálum.

### 4. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir - 202407100

Lagt er til að gerðar verði breytingar á fjárhagsáætlun vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða. Breytingin lækkar rekstrarniðurstöðu og handbært fé um 12 m.kr.

#### Greinargerð:

Á 1634. fundi bæjarráðs var samþykkt að skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar frá 1. ágúst.

## 5. Endurfjármögnun skuldabréfs vegna framlags í varúðarsjóð Brúar lífeyrissjóðs

Lagt er til að fjárhagsáætlun ársins verði breytt þannig að langtímalántökur hækki um 141 m.kr. og afborganir langtímalána hækki um sömu fjárhæð. Breytingin hefur ekki áhrif á handbært fé né heildar skuldir sveitarfélagsins.

Deild	Fjárhæð
Uppgreiðsla skuldabréfs vegna framlags í varúðarsjóð Brúar lífeyrissjóðs	-141.000.000
Langtímalán til endurfjármögnunar	141.000.000
Engin áhrif á handbært fé	Samtals 0

### Greinargerð:

Á 1612. fundi bæjarráðs var upplýst að skuldabréf við Brú lífeyrissjóð yrði með gjalddaga 31.12.2024 og að lögð yrði fram tillaga um endurfjármögnun lánsins í viðauka við fjárhagsáætlun.

## 6. Hækkun ófyrirséðs kostnaðar

Lagt er til að 197,6 m.kr. verði færðar í fjárhagsáætlun til að mæta ófyrirséðum kostnaði.

Deild	Fjárhæð
21820 Ófyrirséður kostnaður	Hækkun kostnaðar til varúðar -197.600.000
Lækkun á handbæru fé	Samtals -197.600.000

### Greinargerð:

Liðir 1 til 5 bæta rekstrarniðurstöðu um 197,6 m.kr. Vegna óvissu í tengslum við gerð kjarasamninga og þróun launakostnaðar er lagt til að fjárhæðin verði tekin frá og að fjárhagsáætlun ófyrirséðs kostnaðar verði hækkuð.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir áhrif viðaukans á rekstur, efnahag, sjóðstreymi og fjárfestingayfirlit.

Virðingarfyllt,  
Pétur Jens Lockton

### Fylgiskjal:

1. Áhrif viðauka 1 á fjárhagsáætlun 2024.